

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 04.08.22

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegi 29b. **Fundartími:** 11:00

Mætt: Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Katrín Jónsdóttir, Heimir Örn Gunnarsson, Hjörtur Guðnason, Grímur Kolbeinsson og Ágúst Guðjónsson.

Gestur: Þóra Elfa Björnsson

Dagskrá fundar:

1. Skálholt
2. Gamla prentsmiðjan
3. Fjármál
4. Önnur mál

1. Skálholt

Haukur Már og Hjörtur hafa heimsótti Skálholt til að taka stöðuna á húsnæði. Eins og fram hefur komið hefur verkið tafist sökum skorts á iðnaðarmönnum, en það hefur þó orðið framgangur því það var verið að múra vegg innanhúss sem þýðir að við erum skrefi nær að fá afhent húsnæðið.

2. Gamla prentsmiðjan

Prentsögusetri hefur verið gert að rýma Gömlu prentsmiðjuna við Laugaveg 29b. Óskað var eftir að húsnæðið yrði rýmt fyrir 31. des 2022. Rætt var um möguleika á húsnæði og eða geymslu.

3. Fjármál

Heimtur á félagsgjöldum gengu vel, þó eru 40 sem eiga eftir að greiða og viðbúið að við þurfum að afskrifa eitthvað. Það kom inn styrkur frá Kaupfélagi Skagfirðinga. Enn er eftir að innheimta frá fyrirtækjum og er sú vinna í gangi. Búið er að ganga frá kaupum á gámi af Þorsteini Veturlíðasyni.

4. Önnur mál

- a. Þóra Elfa Björnsson óskaði eftir áheyrn stjórnarmanna því hún hafði fengið hugmynd. Þóra situr í stjórn sögufélags Kópavogs sem hefur verið að gefa út lítil rit með sögum og eða fróðleik um fjölbreytt málefni, hún sýndi okkur dæmi. Þóra fékk þá hugmynd að Prentsögusetur myndi gera svona rit um fögin innan prentiðnaðarins, hún telur mikilvægt að sagan sé skjalfest á prenti. Þóra bar fram

tillögu um að stofnuð yrði ritnefnd. Nefndin myndi þá hafa það hlutverk að safna sögum af ýmsum toga úr prentiðnaði. Tillaga var samþykkt. Þóra Elfa Björnsson, Grímur Kolbeinsson og Heimir Örn Gunnarsson buðu sig fram í að byrja starfið.

- b. Heimir Örn bar upp hugmynd um lifandi nútímalegu safni þar sem prent-safnmunir, kaffihús og vinnuaðstaða væru í sama húsi. Stjórnarmönnum fannst hugmynd hljóma vel, Heimir ætlar að skrifa niður hugmynd og senda stjórnarmönnum til frekari skoðunar.

Fundi slitið 12:10

Katrín Jónsdóttir, ritari.